



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins, 124. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um það.

Almennar athugasemdir

Hrun bankakerfisins hafði mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu. Frá falli bankanna hafa Samtök atvinnulífsins talið þá leið, að setja á stofn nýja ríkisbanka, illfæra því að slíkir bankar muni ekki með góðu móti geta þjónað viðskiptavinum sínum. Í stað þess ætti að leggja áherslu á að erlendir kröfuhafar bankanna gætu orðið helstu eigendur þeirra. Með því móti gætu starfað bankar hér á landi með hærra láns hæfismat en íslenska ríkið.

Þessi stefna um erlent eignarhald er sett fram í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna dags. 25. júní 2009, en þar segir: „Eigendastefna ríkisins gagnvart bönkunum feli í sér að erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum. Þannig verði m.a. reynt að tryggja eðlilegan aðgang að erlendu lánsfé fyrir atvinnulíf og heimili. Endurskipulagningu á eignarhaldi bankanna verði lokið 1. nóvember 2009.“

Samtök atvinnulífsins draga mjög í efa að þörf sé á að koma á fót nýrri ríkisstofnun, Bankasýslu ríkisins. Gangi eftir sú eigendastefna sem fyrirheit eru gefin um í stöðugleikasáttmálanum verður slík stofnun óþörf. Mæla SA með að öll áform um stofnun Bankasýslu ríkisins verði lögð til hliðar a.m.k. þar til fyrir liggur hver niðurstaðan verður í eignarhaldi bankanna.

Frumvarpið virðist ganga út frá þeirri stöðu að bankarnir og flestir sparisjóðir verði að öllu eða mestu leyti í eigu ríkisins næstu árin. Að því gefnu að sú verði raunin virðist í frumvarpinu gengið út frá því að sú skipan að færa eigendahlutverk ríkisins í sérstaka stofnun auki fjarlægðina frá hinu pólitíska valdi og dragi þar með úr pólitískum ítökum. Um þetta má þó sannarlega efast. Er hættan þvert á móti sú, eins og nánar er vikið að hér á eftir, að Bankasýsla ríkisins, sem ætlað er að lúta þriggja manna ráðherraskipaðri stjórn, muni seilast inn á hlutverk bankaráða og gera þau að verulegu leyti óvirk.

Ef eignarhald ríkisins verður á hinn bóginn takmarkaðra, annað hvort með eignarhaldi kröfuhafanna eða sölu eignarhluta ríkisins á næstunni, verður að telja eðlilegra að



eigendahlutverki ríkisins í bönkum og öðrum ríkisfyrirtækjum væri sinnt á einfaldari og ódýrari hátt í sérstakri deild í fjármálaráðuneytinu.

Í greinargerð með frumvarpinu er töluvert vitnað til nýlegrar skýrslu OECD um skipulag eigendahlutverks ríkisins í fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði. Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og Nasdaq OMX á Íslandi gáfu út skýrslu með leiðbeiningum um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja í nóvember á sl. ári. Þær leiðbeiningar byggja að stórum hluta á nýlegum skýrslum OECD¹ um þetta efni. Leiðbeiningunum, sem ætlað er að auka gegnsæi og aðstoða hið opinbera við að skapa traust um starfsemina, er skipt í sjö kafla:

1. Áhrif á samkeppni – ákvarðanir efli samkeppni eða raski sem minnst.
2. Skilvirkt lagaumhverfi – jöfn samkeppnisstaða við einkafyrirtæki
3. Hið opinbera sem eigandi – verði virkur eigandi með skýra eigendastefnu
4. Samngjörn framkoma gagnvart hluthöfum – virða ber rétt allra hluthafa og jafnan aðgang að upplýsingum
5. Samskipti við hagsmunaaðila – lýtur að eigendastefnunni
6. Gegnsæi og upplýsingagjöf – staðlar um gegnsæi og upplýsingagjöf séu til fyrirmyndar
7. Verkefni og skuldbinding stjórna – stjórnir opinberra fyrirtækja ættu að hafa nauðsynlegt umboð, hæfni og hlutlægni til að sinna starfsskyldum sínum og vera gerðar ábyrgar fyrir gjörðum sínum.

Athugasemdir um einstakar greinar

Lauslegur samanburður á frumvarpinu og leiðbeiningarreglunum vekur upp eftirfarandi athugasemdir.

Varðandi samkeppnissjónarmiðin þá er í 5. gr. frumvarpsins lögð áhersla á að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins. Ekki er þó vikið að jafnri samkeppnisstöðu við fjármálafyrirtæki í einkaeigu, en það þyrfti að gera. Þá vilja Samtök atvinnulífsins sérstaklega vara við því að eigendastefna sem miðar að því með aðkomu Bankasýslu ríkisins að móta fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins alla í sama formið er afar ókynsamleg og mun hafa mjög skaðleg áhrif á samkeppni.

Varðandi framkomu gagnvart öðrum hluthöfum þá er hvergi minnst á þann möguleika í frumvarpinu að ríkið geti orðið meðeigandi annarra hluthafa að fjármálafyrirtækjum.

Eigendastefnan er ekki sett fram í frumvarpinu, en í greinargerð kemur fram að unnið sé að gerð hennar í fjármála- og viðskiptaráðuneytinu. Æskilegt væri að sett væri fram sú skýra stefna í 1. gr. að markmið ríkisins væri að draga sig út úr rekstri fjármálafyrirtækja eins fljótt og aðstæður leyfðu.

¹ OECD, Policy Brief on Corporate Governance of Banks, 2008
OECD, Guidelines on Corporate Governance of State-Owned Enterprises, 2005
OECD, Principles of Corporate Governance, 2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Varðandi verkefni, hlutverk og ábyrgð stjórna, annars vegar stjórna fjármálafyrirtækja og hins vegar stjórnar og starfsmanna Bankasýslunnar þá væri æskilegt að það væri skýrt betur. Ákvæði e.-liðar 4. gr. um samning um „sérstök og almenn markmið í rekstri“ veldur ákveðinni óvissu um hlutverkaskiptingu aðila og gæti verið farvegur fyrir að hlutafélagalög séu sniðgengin. Rétt væri að öll tvímæli væru tekin af því að Bankasýslan taki ekki yfir hlutverk stjórnar fjármálafyrirtækis. Stjórnir hlutafélaga eru kosnar af eigendum samkvæmt hlutafélagalögum og eiga stefnumarkandi samskipti eigenda og stjórnar að fara fram á hluthafafundum. Girða ætti fyrir þann möguleika að Bankasýslan yrði „yfirbankaráð“ sem stjórnir fjármálafyrirtækja taki við skipunum frá. Því er lagt til að við e-lið 4. gr. verði bætt að í umræddum samningi verði þess gætt að hlutafélagalög verði virt.

Að lokum um forstjóra stofnunarinnar. Ef á annað borð er verið að víkja frá lögum 70/1996 hvers vegna er þá skrefið ekki tekið til fulls og hann ráðinn tímabundið eða með venjulegum uppsagnarfresti í stað þess að ráða hann til 5 ára? Æskilegt væri að girða fyrir þann möguleika að þurfa að greiða háa starfslökagreiðslu til einstaklings sem stjórnin er óánægð með og segir upp störfum.

Niðurstaða

Í ljósi þess sem að framan er rakið eru Samtök atvinnulífsins því andvíg að frumvarpið verði að lögum og mælast til þess að umfjöllun um það verði frestað þar til skipulag og eignarhald á fjármálamarkaði liggur skýrar fyrir og þá verði endurmetið hvort þörf sé á sérstakri Bankasýslu eða hvort ríkið geti sinnt eigendahlutverki sínu með einfaldari og ódýrari hætti.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri